



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 13. júní, 2007

Ákvörðun nr. 19/2007

Kaup Samkaupa hf. á Kram ehf. og Hólmgarði ehf.

1.

Með bréfum Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl., dags. 9. maí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Samkaupa hf. (hér eftir Samkaup) á Kram ehf. (hér eftir Kram) annarsvegar og Hólmgarði ehf. (hér eftir Hólmgarður) hins vegar.

Í bréfunum kemur fram að Samkaup kaupir alla hluti í einkahlutafélögunum Kram annars vegar og Hólmgarði hins vegar. Með í kaupunum fylgi allt það sem rekstrinum fylgi, þ.m.t. öll áhöld og tæki, viðskiptavild, vörumerki og vörubirgðir. Bréfunum fylgdu samrunaskrár sem taka mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfunum fylgdu einnig kaupsamningar, dags. 13. og 17. apríl 2007. Þá fylgdu skránum einnig ársreikningar viðkomandi félaga, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

2.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Samkaupa á Kram segir að tilgangur Samkaupa sé verslunarrekstur. Starfsemi félagsins felist í rekstri almennra dagvöru- og smásöluverslana og öðru því sem þeirri starfsemi tilheyrir. Fyrirtækið reki dagvöruverslanir undir fjórum nöfnum og bera þær heitin Samkaup úrval, Samkaup strax, Nettó og Kaskó. Enn fremur segir að Samkaup hafi undirritað sérleyfissamning við Kaupfélag Héraðsbúa árið 2000, þannig að verslanir þeirra heiti sömu nöfnum og verslanir Samkaupa og beri öll þeirra einkenni. Eiginlegur rekstur verslana á Austurlandi sé þó í höndum Kaupfélags Héraðsbúa. Að öðru leyti eigi Samkaup ekki í samstarfi við fyrirtæki á dagvöru- eða matvörumarkaði eða tengdum markaði.

Um Kram segir í tilkynningunni að fyrirtækið hafi haft með höndum rekstur lítillar dagvöruverslunar á Skólavörðustíg undir nafninu Krambúð, þar sem einnig hefur mátt leigja mynddiska og myndbönd. Fram kemur í tilkynningunni að engin önnur fyrirtæki á dagvörumarkaði séu undir yfirráðum Kram eða eigenda félagsins og þá eigi það heldur ekki í samstarfi við önnur fyrirtæki á dagvöru- eða matvörumarkaði eða tengdum markaði.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Að mati samrunaaðila er markaðurinn sem samrunaaðilar, Samkaup og Kram, starfa á smásöllumarkaður fyrir dagvörur. Fram kemur að báðir aðilar starfi við rekstur dagvöru- og matvöruverslana, en með dagvöru sé átt við þær vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir fólks, s.s. mat- og drykkjarvörur, auk hreinlætis- og snyrtivara. Samrunaaðilar vísa til greiningar samkeppnisyfirvalda á matvörumarkaðnum og greiningu þeirra á meginflokkum matvöruverslana, þ.e. matvöruverslanir með áherslu á fjölbreytt vöruúrval og þjónustu, stórmarkaði, lágvöruverðsverslanir, svonefndar klukkubúðir og aðrar matvöruverslanir. Að mati samrunaaðila starfi Samkaup að einhverju leyti á öllum þessum undirmörkuðum en verslun Kram myndi e.t.v. flokkast með klukkubúðum, en hafi sérstöðu að því leyti að þar sé einnig rekin lítil videoleiga. Um landfræðilegan markað málsins segir í tilkynningunni að hann sé staðbundinn við höfuðborgarsvæðið og Reykjanes.

3.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Samkaupa á Hólmgarði segir að Hólmgarður hafi haft með höndum rekstur lítillar dagvöruverslunar í verslunarkjarnanum Hólmgarði í Keflavík. Fram kemur í tilkynningunni að engin önnur fyrirtæki á dagvörumarkaði séu undir yfirráðum Hólmgarðs eða eigenda félagsins og þá eigi það heldur ekki í samstarfi við önnur fyrirtæki á dagvöru- eða matvörumarkaði eða tengdum markaði.

Að mati samrunaaðila er markaðurinn sem samrunaaðilar, Samkaup og Hólmgarður, starfa á smásöllumarkaður fyrir dagvörur. Fram kemur að báðir aðilar starfi við rekstur dagvöru- og matvöruverslana, en með dagvöru sé átt við þær vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir fólks, s.s. mat- og drykkjarvörur, auk hreinlætis- og snyrtivara. Samrunaaðilar vísa til greiningar samkeppnisyfirvalda á matvörumarkaðnum og greiningu þeirra á meginflokkum matvöruverslana, þ.e. matvöruverslanir með áherslu á fjölbreytt vöruúrval og þjónustu, stórmarkaði, lágvöruverðsverslanir, svonefndar klukkubúðir og aðrar matvöruverslanir. Að mati samrunaaðila starfi Samkaup að einhverju leyti á öllum þessum undirmörkuðum en verslun Hólmgarðs myndi flokkast sem lítil klukkubúð. Um landfræðilegan markað málsins segir í tilkynningunni að hann sé staðbundinn við höfuðborgarsvæðið og Reykjanes.

Aðilar telji að áhrifa beggja samruna muni fyrst og fremst gæta á hinum skilgreinda þjónustu- og landfræðilega markaði. Hins vegar muni kaup Samkaupa á Kram og Hólmgarði ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist.

4.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að sameina umfjöllun um framangreinda tvo samruna í eina ákvörðun þar sem um er að ræða kaup Samkaupa á fyrirtækjum á sömu mörkuðum.



Að mati Samkeppniseftirlitsins fela annars vegar kaup Samkaupa á Kram og hins vegar kaup Samkaupa á Hólmgarði í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og falla samrunarnir undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Samruni Samkaupa og Kram annar svegar og Hólmgarðs hins vegar flokkast undir láréttan samruna þar sem hluti af starfsemi samrunaaðila er á sama sölustigi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að samrunarnir muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Samkaupa á Kram og Hólmgarði á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningum, dags. 13. og 17. apríl, keypti Samkaup hf. allt hlutafé í Kram annars vegar og Hólmgarði hins vegar. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umræddra samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson